

Búnaður vegna viðbragðs við mengunarslysum

Ráðstefna Slökkviliðsstjóra mars 2006
Erling Þór Júlínusson

Yfirlit

- Bakgrunnur
- Flutningsbær búnaður
- Lágmarksbúnaður: Samsetning
- Lágmarksbúnaður: Staðsetning, rekstur, þjálfun
- Vinnuhópar

Bakgrunnur

- Ný lög gengu í gildi árið 2001, slökkvilið bera ábyrgð á viðbragði við mengunarslysum
- Ekki mikill búnaður til á landsvísu vegna þessa verkefnis, því ákvað ríkið að veita sveitarfélögum styrk í formi viðbragðsbúnaðar
- Skilyrði að sveitarfélög hafi samvinnu um búnaðinn

Búnaður

- Tvenns konar búnaður
 - Flutningsbær búnaður vegna stærri mengunarslysa, vistaður hjá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins (SHS) og Slökkviliði Akureyrar (SA)
 - Lágmarksbúnaður á um 20 stöðum á landinu

Flutningsbær búnaður

- Þegar eru hafin kaup á flutningsbærum búnaði vegna stærri slysa
- Inniheldur m.a. eiturefnamæla, ýmsan lokunarbúnað, neistafrí verkfæri, og skolunartjöld
- Framkvæmd innkaupa og val á búnaði er á hendi SHS, SA og Brunamálastofnunar
- Búnaðurinn verður vistaður þannig að hann sé flutningsbær og þyrlutækur
- Þegar innkaupum er lokið verða slökkviliðsstjórar á landinu upplýstir nánar um þennan sameiginlega búnað, sem nýtist á öllu landinu við stærri mengunarslys

Lágmarksbúnaður: Samsetning

Lágmarksbúnaði skipt niður í:

- Fyrsta stig
 - **a**: Eigið öryggi og lífbjörgun
 - **b**: Eigið öryggi og lífbjörgun og fjarskipti
- Annað stig
 - **c**: Stöðva leka (lágmarks vinna, öryggi)
 - **d**: Hindra útbreiðslu
- Þriðja stig
 - **e**: Upptaka, eyðing spilliefnis
 - **f**: Frekari ráðstafanir og aðrar bjargir
- Sjá nánar viðauka í ráðstefnugögnum
- Ríkiskaup munu leita tilboða

Lágmarksbúnaður: Staðsetning, rekstur, þjálfun

- Hvar á að staðsetja búnaðinn? Hægt er að hugsa sér margar leiðir til samvinnu sveitarfélaga hvað þetta varðar :
- Eiga liðin að skiptast á að vista búnaðinn?
- Eiga öll liðin að æfa allan mannskapinn í notkun búnaðarins?

Lágmarksbúnaður: Staðsetning, rekstur, þjálfun

- Eða á eitt slökkvilið á landssvæðinu að vista mest allan búnaðinn ?
- Sameiginlegar æfingar?
Eða á bara að þjálfa ákveðna menn?
- Hvað með rekstur, kostnað ?

Vinnuhópar

- Til að veita umræðum í sameiginlegan farveg eru spurningalistar í ráðstefnugögnum
- Á spurningalistanum eru upplýsingar um áætlaða þörf hvers landssvæðis fyrir lágmarksbúnað
- Athugið að spurningarnar eru ekki endilega tæmandi, allar athugasemdir eru velkomnar
- Niðurstöður vinnuhópanna verða ræddar strax á eftir, einnig er tækifæri til almennrar umræðu á morgun